

Kæra fjárlaganefnd,

Ég undirrituð, forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands, freista þess að skrifa ykkur til að vekja athygli á þeirri hættu sem menningararfur okkar Íslendinga á kvikmynd stendur frammi fyrir.

Á Kvikmyndasafni Íslands er varðveitt kvikmyndaefni frá upphafi kvikmyndasögu okkar, og er 90% efnis enn hliðrænt, þ.e.a.s. á filmu eða spólum af ýmsu tagi. Þetta er mun hærra hlutfall en gerist á Norðurlöndunum enda keppast menn þar við að stafvæða kvikmyndaarfinn og bjarga honum þannig frá glötun. Þörfinni fyrir stafvæðingu má líkja við tifandi tímasprengu. Filmuefni er í hættu á að skemmast, og eru sumar tegundir filma farnar að gera það, og eins er hættu á því að efnið hreinlega lokist inni í því formati sem það er á. Þetta þýðir að engin tæki eru til staðar til að ná efninu yfir á stafrænt form. Nú er það svo að Kvikmyndasafnið á enn allar tegundir tækja til að stafvæða hin ýmsu formöt en þau eru auðvitað löngu hætt í framleiðslu og erfitt er að finna fagmenn sem geta gert við slík tæki. Það blasir því við að tækin hverfa, og þannig verður ekki hægt að stafvæða stóran hluta efnisins nema mögulega að senda það úr landi með enn meiri tilkostnaði, auk þess sem það er vafasamt í meira lagi að senda menningararf þjóðar á skipi til annarra landa.

Kvikmyndasafn Íslands gerði ítarlega 10 ára stafvæðingaráætlun árið 2021 sem send var til menningar- og viðskiptaráðuneytis (þá, mennta- og menningarmálaráðuneyti) þar sem lögð var áhersla á mikilvægi þess að bjarga kvikmyndaarfinum yfir á stafrænt form. Þar var óskað eftir fjármagni til að ganga í verkið en svör hafa ekki borist og áætlun því ekki verið hrundið í framkvæmd. Á meðan bíður hliðrænt efni sé ekki til batnaðar.

Safnið hefur margreynt að kría út aukafjárframlag til að bjarga kvikmyndaarfinum við litlar undirtektir. Um tilgang stafvæðingar þarf ekki að fjölyrða. Í fyrsta lagi bjargar stafvæðing efninu af formi sem er að úreldast og skemmast og í öðru lagi er með stafvæðingu hægt að bæði rannsaka efnið og sýna það almenning. Án stafvæðingar liggur efnið í raun óhreyft og undir skemmdum. Efni á hliðrænu formi er eðli málsins samkvæmt aðeins til í einu eintaki, á einum stað, svo ekki þarf mikið til að kvikmyndaarfur Íslendinga þurrkist út á einu bretti, ef til dæmis kviknar í. Því gríp ég á það ráð að skrifa fjárlaganefnd til að vekja athygli á þessu mjög svo viðkvæma ástandi í þeirri von að litið verði til þessa við ráðstöfum fjármagns og endurskoðun fjárlaga. Stafvæðing er tímafrek og kostnaðarsöm en lauslegir útreikningar gera ráð fyrir 250 m króna kostnaði á 10 árum ef stafvæða á allt Kvikmyndasafn Íslands. Vissulega eru margir að banka upp á en þessi mál þola ekki frekari bið og er það á ábyrgð ríkisins að bregðast við því.

Virðingarfyllst og gangi ykkur vel,

Þóra Ingólfssdóttir,  
Forstöðumaður/Director



The National Film Archive of Iceland